

# Fangelsismálastofnun

## Ársreikningur 2004

Fangelsismálastofnun

Borgartún 7

Reykjavík

400189-2029

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skyringar .....	8


## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings


Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnsýslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði dómsmálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 48/1988. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun skuli annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa, sjá um fullnustu refsidóma, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, annast félagslega þjónustu við fanga og að sjá til þess að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta.

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2004 námu rekstrartekjur ársins 128.260 þús. kr., rekstrargjöld 764.340 þús. kr., eignakaup 10.001 þús. kr. og fjármunatekjur 539 þús. kr. Framlag ríkissjóðs nam 658.400 þús. kr. og tekjuafgangur ársins var því 12.858 þús. kr. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu alls 62.376 þús. kr., skuldir 22.054 þús. kr. og eigið fé nam 40.322 þús. kr. Handbært fé frá rekstri nam 23.898 þús. kr. Stöðugildi í lok ársins voru 108,4.

Forstjóri og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. október 2005

  
Valtýr Sigurðsson,  
forstjóri.

  
Hólmfríður Árnadóttir,  
fjármálastjóri.

## Áritun endurskoðenda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:


- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Fangelsismálastofnunar ríkisins á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 27. október 2005

  
Sigurður Þórðarson,  
ríkisendurskoðandi.

  
Sveinn Arason,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Tekjur</b>			
Sértekjur .....	1	<u>128.260.119</u>	<u>102.571.563</u>
		<u>128.260.119</u>	<u>102.571.563</u>
<b>Gjöld</b>			
Vörukaup .....		25.545.591	19.171.559
Laun og launatengd gjöld .....	2	<u>527.034.815</u>	<u>495.830.738</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	3	15.363.824	14.387.769
Funda- og ferðakostnaður .....	4	10.897.015	10.236.425
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	5	6.118.878	9.061.671
Rekstur tækja og áhalda .....	6	6.247.320	7.405.122
Annar rekstrarkostnaður .....	7	121.556.774	117.504.071
Húsnaðiskostnaður .....	8	46.053.306	47.469.606
Bifreiðarekstur .....	9	<u>5.522.711</u>	<u>5.319.448</u>
		<u>764.340.234</u>	<u>726.386.409</u>
Eignakaup .....	10	<u>10.001.416</u>	<u>7.026.506</u>
		<u>774.341.650</u>	<u>733.412.915</u>
<b>Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur</b>		<b>( 646.081.531)</b>	<b>( 630.841.352)</b>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	11	<u>539.254</u>	<u>492.091</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag</b>		<b>( 645.542.277)</b>	<b>( 630.349.261)</b>
Ríkisframlag .....		<u>658.400.000</u>	<u>632.143.000</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<b><u>12.857.723</u></b>	<b><u>1.793.739</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	11.240.944	10.179.709	
Ríkissjóður .....	13      5.689.650	0	
Viðskiptakröfur .....	24.494.004	34.519.534	
Handbært fé .....	12      20.951.257	24.949.725	
<b>Veltufjármunir</b>	<b>62.375.855</b>	<b>69.648.968</b>	
<b>Eignir alls</b>	<b>62.375.855</b>	<b>69.648.968</b>	
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<b>Höfuðstóll:</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	15.887.937	14.094.198	
Tekjuafgangur ársins .....	12.857.723	1.793.739	
<b>Höfuðstóll</b>	<b>28.745.660</b>	<b>15.887.937</b>	
<b>Annað eigið fé</b>			
Framlag til eignamyndunar .....	11.576.348	11.576.348	
<b>Annað eigið fé</b>	<b>11.576.348</b>	<b>11.576.348</b>	
<b>Eigið fé</b> 14	<b>40.322.008</b>	<b>27.464.285</b>	
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	13      0	22.206.539	
Viðskiptaskuldir .....	22.053.847	19.978.144	
<b>Skuldir</b>	<b>22.053.847</b>	<b>42.184.683</b>	
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>62.375.855</b>	<b>69.648.968</b>	

## Sjóðstreymi árið 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....	12.857.723	1.793.739	
	<u>12.857.723</u>	<u>1.793.739</u>	
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir lækkun/(hækkun).....	( 1.061.235)	940.487	
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	10.025.530	( 8.049.829)	
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	2.075.703	( 887.437)	
	<u>11.039.998</u>	<u>( 7.996.779)</u>	
<b>Handbært fé frá rekstri (til reksturs)</b>	<b>23.897.721</b>	<b>( 6.203.040)</b>	
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	( 658.400.000)	( 632.143.000)	
Greitt úr ríkissjóði.....	630.503.811	657.463.315	
	<u>( 27.896.189)</u>	<u>25.320.315</u>	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	( 3.998.468)	19.117.275	
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	<b>24.949.725</b>	<b>5.832.450</b>	
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<b>20.951.257</b>	<b>24.949.725</b>	

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögnum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langa tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekju- og eignarskatta.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

### Starfsþáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2004 gerðu ráð fyrir aukinni starfsemi. Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 658.300 þús. kr. Með millifærslum milli fjárlagaliða hækkuðu fjárheimildir samtals um 100 þús. kr. Í heild námu fjárheimildir ársins 2004 því 658.400 þús. kr.

Rekstrargjöld ársins 2004, að frádregnum sértekjum, námu samtals 645.542 þús. kr. og voru því innan fjárheimilda ársins sem nemur 12.858. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur .....	( 64.200 )	( 64.200 )	( 128.964 )	64.764
Laun og launatengd gjöld .....	504.200	504.300	527.035	( 22.735 )
Önnur rekstrargjöld .....	201.500	213.289	220.444	( 7.155 )
Tilfærslur .....	9.300	( 2.489 )	17.027	( 19.516 )
	<hr/> 650.800	<hr/> 650.900	<hr/> 635.541	<hr/> 15.359
Stofnkostnaður .....	7.500	7.500	10.001	( 2.501 )
	<hr/> 658.300	<hr/> 658.400	<hr/> 645.542	<hr/> 12.858

Rekstrarreikningur ársins 2004, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftирgreindum hætti:

	2004	2003
Laun og launatengd gjöld .....	527.034.815	495.830.738
Önnur rekstrargjöld .....	237.305.419	230.555.671
Sértekjur .....	( 128.799.373 )	( 103.063.654 )
	<hr/> 635.540.861	<hr/> 623.322.755
Eignakaup .....	10.001.416	7.026.506
Samtals	<hr/> 645.542.277	<hr/> 630.349.261

### Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur ársins 2004 sundurliðaður eftir sviðum:

	Þús.kr.	Hlutfall %
Yfirstjórni Fangelsismálastofnunar .....	91.765	14,2%
Fangelsi höfuðborgarsvæðisins, Hegningarhúsið og í Kópavogi .....	159.767	24,7%
Fangelsið Litla-Hrauni .....	298.886	46,3%
Fangelsið Kvíabryggju .....	57.213	8,9%
Fangelsið Akureyri .....	23.852	3,7%
Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira .....	14.060	2,2%
	<hr/> 645.542	<hr/> 100,0%

## Skýringar

### Sundurliðanir

#### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar eru að mestu leyti vegna framleiðslu vöru og þjónustu í fangelsunum. Á Litla-Hrauni nam framleiðsla alls 107.149 þús. kr. Þar vegur framleiðsla bílnúmeraskilta mest eða 89.697 þús. kr. Á Kvíabryggju var framleitt fyrir 9.190 þús. kr. og í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu fyrir 5.252 þús. kr.

#### 2. Laun og launatengd gjöld

Í árslok 2004 var fjöldi starfsmanna Fangelsismálastofnunar 110 sem er 1 færra en í lok ársins 2003. Ársverk í dagvinnu árið 2004 voru 116,6 en voru 115,4 árið 2003. Yfirvinnustundum fjölgaði um 4,5% frá fyrra ári eða úr 56.028 í 58.570. Á árinu urðu engar almennar breytingar á launakjörum starfsmanna utan 3% samningsbundinnar hækkanar. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2004	2003
Dagvinna .....	278.592.340	264.225.736
Yfirvinna .....	113.839.406	104.380.692
Vaktaálag .....	44.563.079	42.586.599
Aukagreiðslur .....	4.159.199	3.964.135
Launatengd gjöld .....	<u>85.880.791</u>	<u>80.673.576</u>
	<u>527.034.815</u>	<u>495.830.738</u>

#### 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Stærstu liðir undir öðrum skrifstofu- og stjórnunarkostnaði eru auglýsingar, kynningar og gjafir. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um tæp 7% á milli ára.

Símagjöld .....	5.908.241	6.512.201
Útgáfustarfsemi og afnotagjöld .....	4.772.800	2.833.362
Burðargjöld .....	1.415.569	1.614.431
Tímarit, blöð og bækur .....	1.593.732	1.443.759
Skrifstofuvörur .....	1.589.176	1.678.120
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	<u>84.306</u>	<u>305.896</u>
	<u>15.363.824</u>	<u>14.387.769</u>

#### 4. Funda- og ferðakostnaður

Af 4.502 þús. kr. ferða- og dvalarkostnaði námu dagpeningagreiðslur 3.335 þús. kr. Af 3.998 þús. kr. akstri nam akstur starfsmannabifreiða 3.397 þús. kr. Annar funda- og ferðakostnaður nam 999 þús. kr. og er að nær öllu leyti risna. Í heild hækkaði funda- og ferðakostnaður á milli ára um 661 þús. kr. eða rúm 6,5%.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	2.620.385	3.721.428
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	1.881.203	2.039.721
Fundir, ráðstefnur og námskeið .....	1.398.170	725.033
Akstur .....	3.998.445	3.500.521
Annar funda- og ferðakostnaður .....	<u>998.812</u>	<u>249.722</u>
	<u>10.897.015</u>	<u>10.236.425</u>

## Skýringar

### 5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta sundurliðast eins og hér segir. Stærsti hluti annarrar sérfræðiþjónustu er vegna heilbrigðisþjónustu 2.579 þús. kr. Aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkaði á milli ára um tæp 33%.

	2004	2003
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta .....	749.183	3.682.316
Rannsóknarstofuþjónusta .....	1.546.092	1.795.758
Önnur sérfræðiþjónusta .....	3.823.603	3.583.597
	<u>6.118.878</u>	<u>9.061.671</u>

### 6. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Rekstrarliður lækkaði sem nemur 15,6% á milli ára.

Smátæki og áhöld .....	2.152.381	2.638.901
Viðgerðir og viðhald .....	1.132.272	2.020.613
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.185.615	876.584
Uppsetning á netbúnaði .....	1.220.723	1.311.844
Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda .....	556.329	557.180
	<u>6.247.320</u>	<u>7.405.122</u>

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Fangelsismálastofnun ríkisins greiðir fasta fjárhæð mánaðarlega til áfangaheimilisins Verndar þar sem fangar afplána síðasta hluta fangelsisvistar sinnar. Fangelsismálastofnun greiðir dagpeninga til þeirra fanga sem ekki hafa heilsu til að vinna og til vinnufærra fanga ef enga vinnu er að hafa. Fangar í skóla fá greidda þóknun samkvæmt lægsta taxta. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um rúm 3% á milli ára og sundurliðast eins og hér kemur fram.

Málftíðir .....	87.905.031	82.980.297
Tilfærslur til einstaklinga, samtaka og heimila .....	18.088.089	15.697.778
Rekstrarvörur .....	7.575.174	8.464.943
Vinnufatnaður og fatafé .....	3.782.316	5.960.982
Annar rekstrarkostnaður .....	4.206.164	4.400.071
	<u>121.556.774</u>	<u>117.504.071</u>

## Skýringar

### 8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Borgartúni 7. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Húsaleiga ársins 2004 nam 3.024 þús. kr. Stærstu liðir í öðrum húsnæðiskostnaði eru viðhalds- og þjónustusamningar 2.485 þús. kr. og hlutdeild í sameiginlegum húsnæðiskostnaði 817 þús. kr. Húsnæðiskostnaður lækkaði um 3% frá fyrra ári.

	2004	2003
Leigugjöld .....	3.240.394	3.100.864
Orka .....	9.999.602	9.167.966
Viðhald fasteigna og innréttigar .....	17.301.926	19.469.835
Fasteignagjöld .....	7.584.363	7.736.852
Þrif og sorphirða .....	3.864.032	3.302.526
Annar húsnæðiskostnaður .....	4.062.989	4.691.563
	<u>46.053.306</u>	<u>47.469.606</u>

### 9. Bifreiðarekstur

Stofnunin á og rekur átta bifreiðar en slíkur rekstur er nauðsynlegur fyrir þessa starfsemi.

	2004	2003
Bensín og olía .....	1.558.964	1.608.544
Opinber gjöld og tryggingar .....	1.815.785	1.671.550
Viðgerðir og viðhald .....	1.666.286	1.663.478
Annar bifreiðakostnaður .....	481.676	375.876
	<u>5.522.711</u>	<u>5.319.448</u>

### 10. Eignakaup

Eignakaup embættisins jukust í heildina um rúm 42% á milli ára og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Bifreiðar .....	4.185.060	0
Skrifstofubúnaður .....	2.097.433	1.967.229
Tölvubúnaður .....	820.212	1.942.774
Húsgögn .....	333.779	516.025
Önnur tæki og búnaður .....	2.564.932	2.600.478
	<u>10.001.416</u>	<u>7.026.506</u>

### 11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur .....	704.276	586.243
Vaxtagjöld .....	( 76.849)	( 44.577)
Fjármagnstekjkuskattur .....	( 88.173)	( 49.575)
	<u>539.254</u>	<u>492.091</u>

## Skýringar

### Annað

#### 12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	2004	2003
Sjóður .....	255.026	462.773
Bankainnstæður .....	<u>20.696.231</u>	<u>24.486.952</u>
	<u>20.951.257</u>	<u>24.949.725</u>

#### 13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2004 nam krafa embættisins á ríkissjóð 5.690 þús. kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því batnað um 27.896 þús. kr. á árinu.

Staða 1. janúar .....	( 22.206.539)
Ríkisframlag .....	658.400.000
Greiðslur .....	(725.246.849)
Millifærslur .....	94.743.038
Staða 31. desember .....	<u>5.689.650</u>

#### 14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang þess gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Á árinu 2004 var stofnunin rekin innan fjárheimilda ársins sem nemur 12.858 þús. kr. og hækkar höfuðstóll sem nemur þeirri fjárhæð. Í lok ársins 2004 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 28.746 þús. kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11.576 þús. kr. þannig að í heild nemur eigið fé 40.322 þús. kr.

##### Höfuðstóll:

Höfuðstóll 1. janúar 2004 .....	15.887.937
Ríkisframlag .....	658.400.000
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag .....	(645.542.277)
Höfuðstóll 31. desember 2004 .....	<u>28.745.660</u>

##### Annað eigið fé:

Framlag til eignamynndunar .....	11.576.348
Annað eigið fé 31. desember 3004 .....	<u>11.576.348</u>
Eigið fé alls .....	<u>40.322.008</u>

## Skýringar

### 15. Skuldbindingar

Í gildi eru eftirfarandi samningar: Samningur við Fasteignir ríkissjóðs um húsaleigu. Gildistími er óákveðinn og nemur mánaðarleg greiðsla um 252 þús. kr. Samningur við ISS Island um ræstingar. Gildistími er óákveðinn með sex mánaða uppsagnarfresti og nemur mánaðarleg greiðsla 102 þús. kr. Samningur við Tvo heima um mat á Litla-Hrauni. Samningur er framlengjanlegur til eins árs í senn með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Greiðsla fyrir þjónustu er samkvæmt umsömdum taxta sem tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs. Greiðslan tekur mið af fjölda fanga og starfsmanna og nam á árinu 2004 að meðaltali 4.793 þús. kr. á mánuði. Samningur við Vernd um aðlögun fanga. Gildistími er ótímabundinn og samningur uppseiganlegur með þriggja mánaða fyrirvara og nemur mánaðarleg greiðsla 633 þús. kr. Samningur við Byrgið um vistun fanga á meðferðarheimili. Gildistími er óákveðinn og uppsagnarfrestur einn mánuður. Mánaðarleg greiðsla er 60 þús. kr. á hvern fanga í vistun. Samningur við Sólheima um vistun fanga og samfélagsaðlögun. Gildistími er óákveðinn og uppsagnarfrestur einn mánuður. Mánaðarleg greiðsla er 46 þús. kr. á hvern fanga í vistun. Samningur við Liðsinni ehf um trúnaðarlæknispjónustu. Gildistími er eitt ár og endurnýjast sjálfkrafa til árs í senn. Uppsagnarfrestur er tveir mánuðir. Mánaðarleg greiðsla er 11 þús. kr.

### Kennitölur

#### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2004	2003	2002	2001	2000
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	128.799	103.158	81.946	71.695	96.705
Rekstrargjöld .....	( 764.340)	( 726.481)	( 646.158)	( 652.172)	( 570.344)
Eignakaup .....	( 10.001)	( 7.026)	( 10.824)	( 12.256)	( 17.325)
Tekjuafgangur	( 645.542)	( 630.349)	( 575.036)	( 592.733)	( 490.964)
Ríkisframlag .....	658.400	632.143	634.800	520.800	504.300
Tekjuafgangur ársins	<u>12.858</u>	<u>1.794</u>	<u>59.764</u>	<u>( 71.933)</u>	<u>13.336</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	62.376	69.649	46.536	44.030	62.520
Egnir alls	<u>62.376</u>	<u>69.649</u>	<u>46.536</u>	<u>44.030</u>	<u>62.520</u>
Höfuðstóll .....	28.746	27.464	25.671	( 34.093)	37.841
Skammtímaskuldir .....	22.054	42.185	20.866	78.123	24.679
Eigið fé og skuldir alls	<u>50.800</u>	<u>69.649</u>	<u>46.537</u>	<u>44.030</u>	<u>62.520</u>